

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 108/1994.

Kristín Erla Karlsdóttir

(Tómas Gunnarsson hrl.)

gegn

Byggung bsvf.

(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Kröfu um, að dómarar í héraði víki sæti, er hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. mars sl., sem barst Hæstarétti ásamt kærumálgögnum 10. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og dæmt, að dómarar í málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur, Hjördís Hákonardóttir dómsformaður og meðdómsmennirnir Þórdís K. Guðmundsdóttir og Stefán Svavarsson, skuli víkja sæti sem dómarar í því.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálaskostnaður úr hendi sóknaraðila.

Kæruheimild er í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Til viðbótar þeim rökstuðningi, sem sóknaraðili hafði uppi í héraði fyrir kröfu sinni um, að dómarar málsins þar víki sæti, hefur lögmaður hans, Tómas Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti bætt nýju atriði við, og segir meðal annars svo um það í greinargerðinni:

„2. Fyrir liggur að forseti Hæstaréttar Íslands, Hrafn Bragason, hefur með ódagsettu bréfi, sem sent var héraðsdómstólunum, sem barst þeim, sem halda bréfabækur um 3. eða 4. febrúar 1994. Í þessu bréfi eru aðfinnslur sem varða sérstaklega kærumál og rätt um að beita refsímálaskostnaði á lögmenn í ríkara mæli en gert hefur verið og fella niður kæruheimildir, auk annars. Að auki er rätt um sérstakar rannsóknaraðgerðir, sem dómarar Hæstaréttar hafa áhuga á

að vinna að. Af hálfu kæranda eru taldar ástæður til að ætla mögulegt, að dómsformanninum, Hjördísi Hákonardóttur, hafi verið kunnugt um efni þessa bréfs all löngu áður en úrskurður var uppkveðinn 18. febrúar 1994 og efni bréfsins hafi haft áhrif við uppkvaðningu hans.

...

Er af þessum ástæðum talið að forseti Hæstaréttar, f.h. Hæstaréttar, hafi haft óréttmæt og ólögleg afskipti af störfum Héraðsdóms Reykjavíkur og ástæða sé til að draga í efa að starfshættir Héraðsdóms Reykjavíkur hafi verið vandaðir og óhlutdrægir.“

Sóknaraðili vísar til stuðnings kröfum sínum til meginreglna 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sérstaklega þó til g-liðar greinarinnar.

Ekki verður á það fallist með sóknaraðila, að áðurgreint bréf, sem vitnað er til í greinargerð lögmanns hans fyrir Hæstarétti, geti skipt máli við athugun á hæfi dómenda málsins í héraði. Að því athuguðu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar, verður hann staðfestur.

Rétt þykir að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Kristín Erla Karlsdóttir, greiði varnaraðila, Bygging bsvf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1994.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 10. þ. m., er fram kom krafa af hálfu stefndu um, að dómendur málsins, Hjördís Hákonardóttir dómsformaður, og meðdómsmennirnir Þórdís K. Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, og Stefán Svavarsson dósent, vikju sæti sem dómendur málsins.

Lögmaður stefnanda mótmælti kröfu stefndu um, að dómendur vikju sæti.

Krafa stefndu er reist á því að lögmanni stefndu hafi verið gert ókleift að skoða grundvöll málsins, sem sé frumskilyrði þess að lögmaður geti gætt hagsmuna og réttar skjólstaðings síns. Hafi lögmaðurinn margkrafist þess, til þess að grundvöllur stefnukröfunnar yrði ljós, að lögð væru fram í málinu gögn, sem hann telur nauðsynleg og hefur nánar tilgreint í málskjöllum.

Þar sem lögmaðurinn taldi að stefnandi hefði ekki fullnægt þessari skyldu og ekki svarað fyrirspurnum hans á fullnægjandi hátt krafðist hann frávísunar málsins. Vegna þeirrar niðurstöðu dómsins að synja um frávísunarkröfuna geti hann ekki sannreynt kröfur stefnanda.

Málið var flutt tvisvar um frávísunarkröfuna. Við fyrri málflutninginn benti lögmaður stefndu á að eðlilegt hefði verið að sérfróðir meðdómsmenn tækju einnig þátt í ákvörðun um frávísun. Að athuguðu máli taldi dómari rétt að verða við þessum tilmælum og kvaddi til meðdómsmenn og var málið endurflutt um frávísunarkröfu stefndu. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að dómkröfur stefnanda og málsástæður ættu sér nægilega stöð í gögnum málsins til þess að hægt væri að taka afstöðu til efnisþátta þess. Var frávísunarkröfu stefndu hafnað á þeirri forsendu. Það að dómendur hafi fjallað um frávísunarkröfu í máli eða önnur formsatriði þykir ekki gefa ástæðu til að þeir víki sæti eða til að draga óhlutdrægni þeirra í efa, enda eru þeir óbundnir af úrskurði um synjun frávísunarkröfu við endanlega afgreiðslu máls.

Úrskurður um frávísunarkröfu stefndu var kveðinn upp 3. nóvember 1993. Var lögmönnum aðila tilkynnt um uppkvaðningartund og -stað samkvæmt 3. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 með svohljóðandi símbréfi, dagsettu 2. nóvember 1993: „Efni: mál nr. E-4677/1992: Bygging bsvf. gegn Kristínu Erlu Karlsdóttur. Úrskurður um frávísunarkröfu stefndu verður kveðinn upp miðvikudaginn 3. nóvember nk. kl. 09.00 í dómsal 103.“ Þinghald þetta var einvörðungu boðað til uppkvaðningar úrskurðarins. Lögmaður stefndu var mættur til þinghaldsins en af hálfu stefnanda var ekki sótt þing. Þegar úrskurður hafði verið kveðinn upp og úrskurðarorð lesið, fór lögmaður stefndu fram á bókun athugasemda vegna efnisatriða úrskurðarins, en því var hafnað.

Það varðar aðila ekki réttarspjöllum þótt hann mæti ekki í þinghald sem háð er til uppkvaðningar dóms eða úrskurðar, sbr. 4. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Málið var sjálfkrafa í óákveðnum fresti eftir að úrskurðurinn hafði verið upp kveðinn og þar til dómurinn ákvað nýjan þingdag. Þar sem aðilum var ekki skylt að mæta til að heyra úrskurðarorðið, þá verður ekki fallist á það að dómendur hafi farið út fyrir verksvið sitt eða að einhverju leyti tekið forræði máls í sínar hendur. Tilvísun til 16. gr. og 17. gr. laga nr. 91/1991 þykir því ekki eiga hér við. Er ekki fallist á að dómendur víki sæti á grundvelli þessarar málsástæðu.

Þá vísar stefnda til stuðnings kröfu sinni til þess, að sömu dómara kváðu hinn 31. janúar sl. upp dóm í öðru máli, nr. E-13502/1991: Byggingarsamvinnufélag ungs fólks gegn Ara K. Sæmundsen. Stefnandi í því máli er sá

sami og í þessu máli, en annar lögmaður fór með það mál fyrir hans hönd. Fullyrðir stefnda að dómendur hafi tekið „sjálfir að sér að setja upp yfirlit yfir meintar hreyfingar á viðskiptastöðu stefnda í því máli og byggja dóm á því sérstaklega án þess séð verði að lögmönnum málsaðila hafi gefist kostur á að fara yfir þá liði og fjalla um þá á þann hátt sem mögulegt hefði verið ef þessi atriði hefðu legið fyrir í stefnu“. Lögmaður stefndu var ekki talsmaður aðila í ofangreindu máli og sótti ekki þinghöld í því. Hreyfingar á viðskiptastöðu stefnda í máli nr. E-13502/1991, sem eru raktar í dóminum, koma allar fram í málskjöllum og eru dregnar saman og settar fram til glöggvunar, þar sem málið er allflókið. Efnistöð og niðurstaða dómenda í öðru máli þykja ekki í sjálfu sér eiga að leiða til þess að þeir víki sæti í máli, jafnvel þótt sum efnisatriði í málunum tveimur séu sambærileg. Ekki er fallist á, að þau atriði, sem stefnda nefnir, né önnur varðandi dóm í máli nr. E-13502/1991 bendi til hlutdrægni dómenda, séu til þess fallin að draga hana í efa eða að þau feli í sér leiðbeiningar til aðila er geri dómendur vanhæfa.

Svo sem hér hefur verið rakið, er ekki fallist á það með stefndu, að framangreindar málsástæður hennar gefi á nokkurn hátt ástæðu til þess að draga óhlutdrægni dómenda í efa. Er kröfu hennar um, að dómendum beri að víkja sæti samkvæmt meginreglu g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991, því hafnað.

Úrskurðinn kváðu upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari, Þórdís K. Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, og Stefán Svavarsson dósent.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu stefndu, Kristínar Erlu Karlsdóttur, um að dómendur máls þessa, Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari, Þórdís K. Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, og Stefán Svavarsson dósent, víki sæti.
